

Miðvikudaginn 23. desember 1998.

Nr. 505/1998.

Lögreglustjórinn í Reykjavík

(Kolbrún Sævarsdóttir)

gegn

Stefáni Ingimar Koeppen Brynjarssyni

(Sigurmar K. Albertsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Hjörtur Torfason og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 22. desember 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 23. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 22. desember 1998, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til 20. janúar 1999 kl. 16. Kæruheimild er í 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 22. desember 1998.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Stefáni Ingimar Koeppen Brynjarssyni, kt. 170875-5919, Þinghólsbraut 56, Kópavogi, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 20. janúar nk. kl. 16.

Fram kemur í rannsóknargögnum, að í gærmorgun hafi Gunnar Helgi Oddsson, kt. 210874-5509, verið handtekinn á Keflavíkurflugvelli við komu frá Bandaríkjunum með 630 g af kókaíni falin í farangri sínum. Gunnar Helgi kvaðst við yfirheyrslu hafa flutt efni þetta inn frá Mexíkó fyrir kærða

og annan mann.¹ Hefði sér verið lofað hluta efnanna eða peningum sem greiðslu fyrir hlut sinn að málinu.

Kærði hafi við yfirheyrslu neitað allri aðild að málinu. Kærði segist hafa farið til Mexíkó í september sl. til þess að kynna úða frá fyrirtækinu Waves. Hafi hann dvalist þar viku hjá fjölskyldu konu sinnar. Kærði þekki Gunnar Helga, en hann segist hafa keypt af Gunnari Helga hass til eigin neyslu nokkrum sinnum síðustu sex mánuði. Hann hafi síðast hitt Gunnar Helga 9. eða 10. þ. m., er hann hafi keypt af honum eitt gramm af hassi. Þá segist kærði þekkja Ólaf Má Sævarsson, kt. 181071-3119, sem lögreglu grunar, að eigi aðild að málinu. Segir kærði, að með þeim sé kunningjasamband, þeir æfi saman líkamsrækt. Hann hafi síðast haft samband við Ólaf Má 10. þ. m., og hafi Ólafur Már þá verið á leið til útlanda. Kærði segist ekki vita, í hvaða tilgangi Ólafur Már hafi verið á förum utan.

Lögreglan segir kærða hafa áður komið við sögu fíkniefnalögreglu, en í júní sl. hafi hann verið handtekinn með rúmlega 300 g af kókaíni og 176 g af kannabis í vörslum sínum. Hafi kærði játað að hafa ætlað það efni til sölu.

Þá beri að geta þess, að í fórum Gunnars Helga hafi fundist í gær nafnspjald með símanúmerinu 69-83-09-88, en samkvæmt símagögnum, er lögregla hafi aflað vegna rannsóknar á framangreindu máli á hendur kærða, hafi komið fram, að hann hafi haft samband við það símanúmer. Samkvæmt upplýsingum frá Interpol muni þetta vera símanúmer á gistihúsi (Motel Los Venados) í Mexíkó.

Lögreglan kveður rökstuddan grun vera um, að kærði hafi framið brot, er varði við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Rannsókn máls þessa sé á frumstigi og því nauðsynlegt, að kærði sæti gæslu, til þess að koma megí í veg fyrir, að hann torveldi rannsókn málsins, svo sem með því að hafa áhrif á vitni eða samseka.

Með vísan til framangreinds, fram lagðra gagna og a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála er þess beiðst, að framangreind krafa nái fram að gagna.

Sakarefni það, sem hér er til meðferðar, lýtur að stórfelldum innflutningi fíkniefna, og getur háttsemi kærða, ef sönnuð verður, varðað hann allt að tíu ára fangelsi skv. 173. gr. a almennra hegningarlaga. Sá aðili, sem hafði fíkniefni í fórum sínum við komu til landsins í gærmorgun, hefur borið hjá lögreglu, að hann hafi flutt inn efnið fyrir kærða, og fram kemur í rannsóknargögnum, að tengsl eru með kærða og Gunnari Helga Oddssyni svo og Ólafi Má Sævarssyni, sem renna stöðum undir þær staðhæfingar, að kærði eigi aðild að innflutningi efnisins. Þykir hér vera sýnt fram á, að skil-

yrði a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 sé fullnægt, og verður því krafa lögreglustjórans í Reykjavík tekin til greina, eins og hún er fram sett og nánar greinir í úrskurðarorði.

Allan Vagn Magnússon héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Stefán Ingimar Koeppen Brynjarsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 20. janúar nk. kl. 16.00.
